

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 31. janúar 2017 á Kjóavöllum.

4. fundur

Fundur hófst kl. 17:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, , Kristín Njálisdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Berglind Guðmundsdóttir, Helga Hermannsdóttir, Ragna Emilsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Hermann Vilmundarson boðaði forföll.

Á þessum fjórða fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerðir frá 3 og 17 janúar samþykktar.
2. Fyrirtaka í máli við arkitekt að Samskipahöllinni. Vænta má niðurstöðu héraðsdóms í febrúar.
3. Framkvæmdastjóri lagði fram verkaskiptingu stjórnarmanna vegna nefnda félagsins. Tilgangur er að auðvelda aðgengi nefnda að stjórn félagsins og bæta upplýsingaflæði. Magnús boðar formenn nefnda á kynningafund í febrúar.
4. Styrkur barst frá félagsmanni að upphæð 250.000 þúsund fyrir barna og unglिंगastarf félagsins.
5. Stjórnarmenn Sprettis munu sjá um framkvæmd og umsjá vetrarleikanna þetta árið. Stjórn samþykkir að hækka aldur í 60 ár í heldri manna og kvenna flokki á vetrarleikum Sprettis.
6. Opnir tímar eru hjá framkvæmdastjóra fyrir hádegi á mánudögum og milli 17-19 á miðvikudögum.
7. Sveinn Gaukur Jónsson hefur verið ráðinn tímabundið í hálf starf fyrir Sprett.
8. Samþykkt hefur verið að ráða Jóhannu Elku Geirsdóttur tímabundið sem bókara félagsins í 20% starfshlutfall.
9. Tekin hefur verið ákvörðun um að loka hringgerðinu við Heimsenda tímabundið vegna slyshættu.
10. Að gefnu tilefni hvetur stjórn félagsmenn til þess að tileinka sér almenna tillitssemi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir